

Bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi vegna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi gera alvarlegar athugasemdir við skýrslu starfshóps á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum. Samtökin telja tillögurnar ekki nægilega vel unnar, rökstuðning vanta og niðurstöðu byggða á veikum grunni, auk þess sem samtökin telja að verulegur skortur hafi verið á samráði við hagaðila, eins og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og sveitarfélögin sjálf, við gerð skýrslunnar.

Í skýrslunni kemur fram mjög takmarkaður skilningur á hlutverki og starfsemi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga. Nær eingöngu er einblínt á hlutverk heilbrigðiseftirlits við reglubundið eftirlit en ekki eru tekin til skoðunar margvísleg önnur verkefni þeirra við vöktun umhverfis, umsagnir, ráðgjöf við íbúa og nærþjónustu.

Skýrsla starfshópsins leggur megináherslu á að minnka álögur á fyrirtæki og stofnanir og vitnað er í viðhorf Samtaka atvinnulífsins um mikilvægi hagræðingar og einföldunar í opinberu eftirliti. Ekki er tekið tillit til þarfa sveitarfélaganna eða vitnað í þau markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem felast í að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi, ásamt því að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

Líklegt er að færsla á öllu eftirliti til stofnanna ríkisins geti haft neikvæð áhrif á gæði umhverfis og öryggi íbúa sveitarfélaga þar sem þjónusta færir fjær íbúum. Í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar vegna breytinga á *lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir frá árunum 2017 og 2020*, kemur fram að nefndin telji að best fari á því að eftirlit fari fram sem næst starfsemi hverju sinni. Hlutverk stofnana ríkisins sé að huga að samræmingu og veita aðstoð þegar með þarf.

Þær ábendingar sem fram hafa komið munnlega af hálfu ESA um samræmingu á matvælaeftirliti á kjöti og fiski til útflutnings eiga ekki við um eftirlit heilbrigðiseftirlitanna, þar sem slíkt eftirlit er nú þegar í höndum ríkisins í gegnum Matvælastofnun. Það er því bæði ósanngjarnt og órökrétt að ætla að matvælaeftirlit á vegum heilbrigðiseftirlitanna auki orðsporsáhættu á matvælaframleiðslu hér á landi.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi benda á að flestar þær ábendingar sem bent er á í skýrslunni snúa ekki að starfsemi heilbrigðiseftirlita á Íslandi, heldur beinast að þeim stofnunum ríkisins sem samkvæmt núgildandi lögum hafa með höndum samræmingu eftirlits. Í þeirri samræmingu felst sú skylda að samræma leyfisútgáfu og leyfisskilyrði um allt landið og tryggja þannig að eftirlit með starfsemi verði háttað með sama hætti um allt land.

Í tillögum starfshópsins eru lagðir fram sjö áherslupunktur sem huga þarf að til úrbóta fyrir opinbert eftirlit og snúa þeir um að tryggja þurfi fjármagn til að þróa upplýsingakerfi, stafræna afgreiðslu umsókna, einfalda regluverk, endurskoða lagaramma og tryggja náíð samráð við sveitarfélögin. Að færa verkefni heilbrigðiseftirlitanna undir stofnanir ríkisins leysir ekkert af þessum verkefnum. Allar þessar ábendingar snúa að því að samræma og einfalda regluverkið og er það mat Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi að skynsamlegast sé að auka fjármagn til þeirra verkefna og gera þá kröfu til stofnanna ríkisins að þær vinni í samræmi við lög og reglugerðir sem um þetta gilda. Þá sé skynsamlegt að ráðuneytin sinni því hlutverki sínu að endurskoða lagaramma, einfalda regluverk og gefa út reglugerðir sem nauðsynlegar eru til heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna geti unnið að þeim meginmarkmiðum laga að tryggja landsmönnum heilnæmt og ómengað umhverfi.

Kópavogi 8. nóvember 2023

f.h. Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Aðalsteinn Haukur Sværissón, Sigrún Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson